

mennu, því þar, frekar en hjá einum manni, kemur fram almennt viljinn. Það var í byrjun þess viðburðarfska tímabils er hin svonefnda siðbót hófst. — Menn höfðu brugðið upp ljósi. En svo greip menn geysimikill ótti. Hvað höfðu þeir sagt: „Almanna viljinn, er hann æðsta vald mannheima? Nei, guðs vilji er hið æðsta, — ekki guðs vilji náttúrulögmálsins — framþróunarlögmálsins, heldur *guðs vilji heilagrar ritningar*“.

Svo, menn hvolfðu kerri yfir ljósið. Ritningin er æðsta úrskurðarvald í andlegum málum. Henni undirgefið er samvizka, sannfæring, skynsemi og tilfinningar. — Undir kerrið lögðu menn ljósið. Þar lét Lúther sitt ljós, skynsemi og tilfinningu, þar lét Kalvin sitt ljós, samvizku og sannfæringu — undir heilaga barmvíða biblíukerrið.

Og í heilar þrjár aldir hefir kerrið hvolfið yfir ljósinu. En nú er það tekið að gisna og hér og hvar farið að leggja út litla glætu á milli stafanna. En ekki mega þeir enn *hreypa* kerrið, erfingjar Lúthers og Kalvins.

Canadíska Mepódista þingið í haust endurtók þá samþykkt er fyrir löngu var gjörð, að konur hefði ekki leyfi samkvæmt guðsorði til að greiða atkvæði eða skipa embætti í söfnuðum hinna trúuðu. Þær mega hlýða, hlusta og gjalda. Þingið lauk miklu lofsorði á „*gjöf ekkjunnar*“. Það sá sér heldur ekki fært að leyfa danzsamkomur, leikhúsgöngur eða spil, eða í það mál var nefnd skipuð, er athuga skyldi hvert fyrir því fengist leyfi í „guðsorði“.

Biskupakyrkjan, á rannsóknarþingum sínum í vor sem leið, er haldin voru yfir Dr. Crapsey og öðrum guðfræðingum kyrkjunnar, sem þýða vildu prestaeiðin þannig, að út frá prédikunarstólnum ætti að ganga að eins þær kenningar, er menn vissi sannastar vera, gagnvart guði og sinni eigin samvizku, lýsti því yfir að kyrkjan viðurkendi engar vísindalegar uppgötvanir, enga einstaklings skynjun eða sannfæringu, en ritninguna að eins eina og trúarjátninguna, fyrir því skyldi hvert kné sig beygja og öll höfuð hnegja og allir munnar þegja.

Lútherska kyrkjufélag vor Íslendinga færði inn á þingskrána síðastl. sumar, sem tilvonandi lagaákvæði, að hver sá